

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: SFS Skrifstofa sviðstjóra

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði 11. apríl 2019.

Fyrirspurn

Spurt er hvort það liggi fyrir upplýsingar um hver ávinningur hefur verið af sameiningu leikskóla og grunnskóla í Reykjavík undanfarin ár. Svar óskast sundurliðað eftir skólum. Bæði er spurt um fjárhagslegan ávinning sem og faglegan ávinning, þ.e. m. v. að ef ekkert hefði verið gert?

Svar:

Sameiningar hafa orðið í eftirfarandi leik- og grunnskólum á síðustu 10 árum:

Breytingar á skóla- og frístundastarfi voru gerðar í norðanverðum Grafarvogi þegar Víkurskóli, Engjaskóli og Borgaskóli urðu til. Innleiðingarhópar eru enn að störfum og lýkur þeirra verkefni um áramót 2022-2023. Ef ástæða þykir til verður starf þeirra framlengt til vors 2023.

Þá var Háaleitisskóli lagður niður og til urðu Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli. Fjárhagslegur ávinningur hefur ekki verið metinn en mikil ánægja var meðal skólasamfélagsins í hverfunum tveimur með ákvörðun skóla- og frístundasviðs um að gera þessa breytingu.

Alls voru 30 leikskólar sameinaði í 14 leikskóla auk þess sem tveir leikskólar voru sameinaðir við grunnskóla en það voru Kvarnaborg sem varð hluti af Ártúnsskóla og Berg sem varð hluti af Klébergsskóla. Einungis einn leikskóli hefur verið tekinn aftur í sundur en það er leikskólinn Sunnufold sem samanstóð af Foldaborg, Foldakoti og Funaborg. Núna er Funaborg rekinn sem sérstæð eining enda er uppbygging við þann leikskóla í fullum gangi, búið er að setja viðbótarhúsnæði á lóð skólans og fyrirhugað að byggja við leikskólann. Ítarleg skýrsla hefur verið unnin varðandi sameiningu leikskóla og kom hún út árið 2020. Þar er vel farið yfir alla þætti sem áhrif hafa á sameiningu þessa skóla þ.m.t. fagleg og fjárhagsleg, sjá nánar á slóð hér fyrir neðan.

Á 221. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 var svipuð fyrirspurn borin upp af fulltrúa Flokks fólksins og er svarið að finna hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/221_16.1_svar_fjarhagslegur_avinningur_grafarvogur.pdf

Eftirfarandi skýrslur hafa verið unnar í tengslum við sameiningu leik- og grunnskóla í borginni:



Reykjavíkurborg

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-og_fristundasviðs_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/uttekt_a_sameiningum_leikskola_reykjavikurborgar_18_mai_2020.pdf

Virðingarfyllt,
Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs